

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um sokkin skip og aðra mengunarhættu í sjó umhverfis landið.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Frá hve mörgum skipsflökum sem vitað er um í sjó umhverfis landið er talið að stafi hættu á mengun?
2. Eru að mati umhverfisráðherra nægilega nákvæmar upplýsingar fyrir hendi um mengunarhættu frá skipsflökum eða öðrum mengunarvöldum í sjó í kringum landið og ef svo er ekki, hvað hyggst ráðherra þá fyrir til úrbóta?
3. Er þörf bráðra aðgerða vegna mengunarvalda í sjó og ef svo er, hver eru þá brýnustu verkefni?